

# Takk

## Eftir Þuríði Rúrí Valgeirsdóttur

Á næstu dögum munu Crohn's og Colitis Ulcerosasarntökin (CCU), sem eru samtök fólks með bólgusjúkdóma í meltingarvegi, kynna kort sem ætti að gera þeim sem það hafa undir höndum kleift að fá aðgang að salernum hvar og hvenær sem er.

Ástæðan fyrir því að þessi kort eru nauðsynleg þessum hópi er sú að sjúkdómar sem þessir eru í meltingarvegi, þeir eru langvinnir og oft mjög erfiðir viðureignar. Um er að ræða sáraristilbólgu og svæðisgarnabólgu en á meðal einkenna eru tíðar og óvæntar salernisferðir. En þá er oft spurning um sekúndur en ekki mínútur, sem er



Þuríður Rúrí Valgeirsdóttir

ekki mikill tími til þess að finna salerni eða útskýra hversvegna það er svo nauðsynlegt.

Það er engin lækning til við þessum sjúkdómum en oft er hægt að halda þeim niðri með góðri meðhöndlun lækna, hjúkrunarfólks og lyfja. Ekki er heldur til nein ein lyfjameðferð sem virkar á alla og verður því að meðhöndla hvern einstakling fyrir sig.

Lífsgæði fólks sem er með þessa sjúkdóma minnka og erfitt er oft á tíðum að ferðast eða vera innan um fólk án þess að vera alveg örugg(ur) um að komast á salerni. Því vill það oft verða til þess að fólk heldur sig frekar heima en að fara út og einangrast þar af leiðandi. Sem betur fer er aðgengi að salernum yfirleitt

» Á meðal einkenna eru tíðar og óvæntar salernisferðir. En þá er oft spurning um sekúndur en ekki mínútur, sem er ekki mikill tími til þess að finna salerni.

nokkuð gott hér á landi en það er þó ekki algilt og því miður getur oft verið nokkuð langt í næsta salerni eða það ekki opið almenningi, til að mynda starfsmannasalerni í verslunum. Nýlegt dæmi er frá 14. júní síðastliðnum þegar einstaklingur með sáraristilbólgu fékk ekki að nota salernið í verslun hér á landi og kúkaði á sig, eins og hann sagði sjálfur frá í Fréttablaðinu þann dag.

Kortið er útbúið að erlendri fyrirmynd með það í huga að fólk með þessa sjúkdóma hafi töl til þess að útskýra þörf sína fyrir salerni án þess að fara út í langar útskýringar. Að það geti komist á salerni eins fljótt og auðið er. En til þess að það geti þjónað tilgangi sínu er nauðsynlegt að allir og þá kannski sérstaklega starfsfólk í verslun og þjónustu þekki þessi kort.

Fyrir hönd CCU-samtakanna vona ég að þeim verði vel tekið.

Höfundur er leikskólakennari.

## TAKK

Korthafi er með langvinnan bólgusjúkdóm í meltingarvegi og þarf nauðsynlega að komast strax á salerni

Undirskrift korthafa



ÞU SÉRD ÞAD EKKI STAN Á MÉR

## Thank you for your understanding



Due to an illness which is not infectious, our member require to use the restroom URGENTLY

EFCCA - United We Stand

European Federation of Crohn's & Ulcerative Colitis Associations